

REGLUGERÐ

um veiðar á makríl 2020.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til makrílveiða íslenskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands og á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC), utan lögsögu ríkja á árinu 2020.

2. gr.

Aflamark.

Aðeins skipum sem hafa aflamark í makríl er heimilt að stunda makrílveiðar.

Á árinu 2020 er leyfilegur heildaraflí makrils og skipting hans sem hér segir:

	A	B	C	D	E
	Lestir	Lestir	Lestir	Lestir	Lestir
Alls	152.141	8.063	2.000	4.000	138.078

Skýringar á töflu:

A. Leyfilegur heildaraflí.

B. Frádráttur skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (5,3%).

C. Skerðing vegna framsals til Rússlands.

D. Til ráðstöfunar, skv. 10. gr. b. laga nr. 116/2006.

E. Til úthlutunar á grundvelli aflahlutdeildar skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006.

Heimilt er hverju skipi að veiða allt að 10% umfram aflamark í makríl á árinu 2020 og dregst sá umframafli frá aflamarki þess á árinu 2021. Þá heimilt er heimilt að flytja allt að ónýtt 10% af ónýttu aflamarki aflamark fiskiskips í makríl frá árinu 2020 til ársins 2021. Flutningsheimildir samkvæmt þessari grein eiga einnig við um aflaheimildir sem skip fá úthlutað af aflamagni sem dregið er frá upphaflegri úthlutun samkvæmt B- og D-lið 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar.

3. gr.

A- og B-flokkur.

Aflaheimildir í makríl skiptast í A- og B-flokk. Skip sem eru með aflamark í makríl skiptast í A- og B-flokk og fer um skiptinguna eftir því í hvaða flokki aflaheimildir skipsins eru. Ekki er hægt að skipta um flokk á veiðitímabilinu. Óheimilt er að flytja aflamark úr B-flokki yfir í A-flokk nema í jöfnum skiptum í þorskígildum talið fyrir aflamark í þorski, ýsu, ufsa og steinbít að því gefnu að slík skipting samræmist reglum um krókaaflamark þ.m.t. að krókaaflamark verður aðeins flutt til skips sem leyfi hefur til veiða með krókaaflamarki. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 11. gr. reglugerðar um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2019/2020 er ekki heimilt að framselja makríl sem fluttur hefur verið úr B-flokki yfir í A-flokk.

4. gr.

Veiðitilhögun.

Makrílveiðar í flottroll eru ekki heimilar nær landi en 12 sjómílar frá viðmiðunarlínu.

Þá eru makrílveiðar í flottroll bannaðar á svæði sem afmarkast af línunum sem dregnar er milli eftirfarandi hnita:

1. 68°30 N - 17°00 V
2. 65°30 N - 17°00 V
3. 65°30 N - 26°00 V
4. 66°00 N - 26°00 V
5. 66°55 N - 24°13 V
6. 67°40 N - 24°13 V
7. 68°30 N - 19°04 V

Makrílveiðar í net eru óheimilar.

5. gr.

Sýnataka.

Sé makrill veiddur í flottroll eða nót, skulu tekin sýni úr afla, a.m.k. eitt í hverri veiðiferð og skal skrá sýnatökuna í afladagbók skipsins. Í hverju sýni skulu vera að minnsta kosti 50 stk. af makríl, sem valin eru af handahófi. Gæta skal þess að sýni sé tekið í öllum tilkynningaskyldum reitum þar sem skipið stundar veiðar. Sýnin skulu fryst um borð, rækilega merkt (veiðiskip, staður, dagsetning og dýpi) og send Hafrannsóknastofnun, þegar að lokinni veiðiferð.

6. gr.

Fjarskiptabúnaður.

Fiskiskip sem stunda veiðar á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC) skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar um staðsetningu, stefnu og hraða viðkomandi skips á klukkustundar fresti, með sjálfvirkum hætti, til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslunnar og Fiskistofu, hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin, sem miðlar gögnum til hlutaðeigandi stofnana.

Óheimilt er að halda til veiða fyrr en starfsmenn Eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest að fjarskiptabúnaður starfi eðlilega. Skulu sendingar samkvæmt framangreindu hefjast þegar viðkomandi skip lætur úr höfn og skal þeim ekki ljúka fyrr en skipið kemur til hafnar að nýju til löndunar afla.

Ef búnaður til sjálfvirkra sendinga bilar skal gert við hann svo fljótt sem mögulegt er, þó eigi síðar en að 30 dögum liðnum. Þar til búnaðurinn verður kominn í lag skal senda á annan hátt upplýsingar um staðsetningu skipsins á a.m.k. 4 klukkustunda fresti til Eftirlitsstöðvarinnar.

7. gr.

Tilkynningar.

Um tilkynningar við makrílveiðar á alþjóðlegu hafsvæði gilda ákvæði reglugerðar um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC) og taka þær tilkynningar einnig til veiða innan lögsögunnar sem og veiða í færeyskri lögsögu. Um tilkynningar til Færeyja vegna veiða innan færeysku lögsögunnar fer samkvæmt reglum færeyskra stjórnvalda.

Eftir að skip hættir veiðum og í síðasta lagi fjórum klukkustundum áður en áætlað er að það komi til hafnar skal skipstjóri senda Fiskistofu tilkynningu á því formi sem Fiskistofa ákveður um áætlaðan afla skipsins, fyrirhugaðan löndunarstað og fyrirhugaðan löndunartíma. Heimilt er að víkja frá lágmarkstíma t.d. ef fjarlægð milli fiskimiða og löndunarhafnar gefur tilefni til þess, enda sé þá tilkynning send um leið og veiðum er hætt.

8. gr.

Vigtun og löndun.

Makrílafla skal landað og hann veginn í íslenskri höfn. Þó er heimilt með leyfi Fiskistofu að landa makrílafla og makrílafurðum í höfnum erlendis, enda sé tryggt að eftirlit með vigtun aflans sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Sækja skal um leyfi til löndunar makríls utan íslenskra hafna til Fiskistofu, skal skipstjóri í umsókn tilgreina nákvæmlega hvar hann hyggst landa aflanum og hvert er áætlað magn makríls.

Landi skip afla utan Íslands skal tilkynna um það í samræmi við ákvæði 5. kafla reglna Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC) um fiskveiðieftirlit og framkvæmd þess. Tilkynna þarf þar til bæru yfirvaldi í viðkomandi ríki um komu skips til hafnar innan tiltekins frests sem ákveðinn er af hafnríkinu. Tilkynningar skal senda með rafrænum hætti á heimasíðu NEAFC <https://psc.neafc.org> (opnast í nýjum vafraglugga). Frekari upplýsingar má finna á slóðinni <https://psc.neafc.org/designated-contacts> (opnast í nýjum vafraglugga). Samþykki þar til bærri yfirvalda þarf að liggja fyrir áður en löndun hefst.

Þegar að löndun lokinni skal skipstjóri veiðiskips senda Fiskistofu endanlegar tölur um landaðan afla og aflaverðmæti, staðfestar af móttakanda makrílsins eða staðfest afrit af vigtarnótu, liggi það fyrir.

Um vigtun á makríl gilda ákvæði reglugerðar um vigtun og skráningu sjávarafla og ákvæði reglugerðar um vigtun og skráningu meðafla á uppsjávarfiski. Draga skal 2% af afla hvers skips vegna vatnsinnihalds í makríl miðað við afla upp úr sjó og reiknast það magn ekki til aflaheimilda þess. Sé makrill veiddur á línu eða handfæri

skal afla haldið aðgreindum um borð í veiðiskipi eftir tegundum. Verði sliku ekki við komið vegna smæðar báts skal afli aðgreindur eftir tegundum við löndun.

Þegar makrill er reiknaður til þorskígilda skal miðað við verðmætastuðulinn 0,20.

9. gr.

Viðurlög.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151/1996, um veiðar utan lögsögu Íslands. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti sakamála.

10. gr.

Lagaheimild og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 605/2019 um veiðar á makríl.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.